

Söngdagskrá Ísaksskóla 2025 – 2026

6.- 10. október

(foreldraviðtöl og skipulagsdagur)

Thank you for the music 1.erindi

Hvert örstutt spor **1. og 2. erindi**

Kisutangó

Einn og tveir og þrír (*íslensku, ensku, spænsku og táknmáli*)

Ég langömmu á

13.-17.október

Amma og draugarnir

Thank you for the music 1. og 2. erindi

Kisutangó

Hvert örstutt spor 1. og 2. erindi

Einn og tveir og þrír (*íslensku, ensku, spænsku og táknmáli*)

Ég langömmu á

20. - 24. október

(vetrarfrí á föstudeginum)

Grikk eða gott

Flugdrekinn

Thank you for the music 1. og 2. erindi

Amma og draugarnir

Kisutangó

27. - 31. október

(Hrekkjavaka)

Flugdrekinn

Grikk eða gott

Thank you for the music 1. og 2. erindi

Amma og draugarnir

Kisutangó

Ég langömmu á

Lag: Ásgeir Jónsson

Texti: Guðjón Bjarnason

Ég langömmu á sem að létt er í lund,
hún leikur á gítar hverja einustu stund.
Í sorg og í gleði hún leikur sitt lag,
jafnt sumar sem vetur, jafnt nótt sem dag.
Dag einn er kviknað í húsinu var
og brunaliðsbíllinn kom æðandi að,
og eldurinn bálað' um glugga og göng,
sat sú gaml' upp á þaki og spilaði' og söng.

Einn og tveir og þrír

Lag frá Mexíkó

Þýðing: Sigríður Pálmadóttir

Einn og tveir og þrír,
fjórir, fimm og sex.
Sjö og átta og níu,
teljum upp að tíu.
Tralalalala...

One and two and three,
four and five and six.
Seven, eight and nine,
counting up to ten.
Tralalalala...

Uno, dos y tres,
cuatro, cinco, seis.
Siete, ocho, nueve,
cuento hasta diez.
Tralalalala...

Kisutangó

Lag: Erlent lag

Texti Magnús Pétursson

Mín kisa á vökul eyru
og veiðihár og rófu
og viðkvæmt lítið trýni
hún sleikir oft og þvær.
Hún unir dátt við leiki
og aldrei sýnir klær
og engin kisa í heimi
á svo fimar tær.

Mín kisa dansar tangó, tangó, tangó,
hún teygir sig og reigir
og er svo fött og brött.
Mín kisa dansar tangó, tangó, tangó,
ég trúað gæti að margir vildu eiga
slíkan kött.
Tra lalalalala mjáááá.

Hvert örstutt spor

Lag: Jón Nordal

Ljóð: Halldór Kiljan Laxness

Hvert örstutt spor var auðnuspor með þér,
hvert andartak er tafðir þú hjá mér
var sólskinsstund og sæludraumur hár,
minn sáttmáli við guð um þúsund ár.

Hvað jafnast á við andardráttinn þinn?
Hve öll sú gleði er fyrr naut hugur minn,
er orðin hljómlaus utangátta og tóm
hjá undrinu að heyra þennan róm.

Thank you for the music

Lag og texti: Benny Andersson og Björn Ulvaeus

I'm nothing special, in fact I'm a bit of a
bore
If I tell a joke, you've probably heard it
before
But I have a talent, a wonderful thing
'Cause everyone listens when I start to sing
I'm so grateful and proud
All I want is to sing it out loud

*So I say
Thank you for the music, the songs
I'm singing
Thanks for all the joy they're
bringing
Who can live without it? I ask in all
honesty
What would life be?
Without a song or a dance what are
we?
So I say thank you for the music
For giving it to me*

Mother says I was a dancer before I could
walk
She says I began to sing long before I could
talk
And I've often wondered, how did it all
start?
Who found out that nothing can capture a
heart
Like a melody can?
Well, whoever it was, I'm a fan

*So I say
Thank you for the music, the songs
I'm singing
Thanks for all the joy they're*

*bringing
Who can live without it? I ask in all
honesty
What would life be?
Without a song or a dance what are
we?
∴ So I say thank you for the music
For giving it to me∴*

Amma og draugarnir

Írskt þjóðlag

Ljóð: Jónas Árnason

Hún amma mín gamla
lá úti í gljúfri,
dimmt var það gljúfur
og draugalegt mjög.

*En amma mín mælti
og útaf hún hallaði sér:
„Ég læt engan svipta mig svefni í nótt;
sama hver draugurinn er.“*

Kom þar hún Skotta
með skotthúfu ljóta.
Tönnum hún gnísti,
glotti og hló.

En amma mín mælti ...

Kom þar hann Móri
í mórauðri treyju,
ofan sitt höfuð
af hálsinum tók.

En amma mín mælti ...

Loks kom hann afi
að leita að ömmu.
„Æ, ertu hér,“ sagði hann,
„elskan mín góð“.

*En amma mín mælti
og útaf hún hallaði sér:
„Ég læt engan svipta mig svefni í nótt;
sama hver draugurinn er.“*

Grikk eða gott

Lag og ljóð: Bragi Valdimar Skúlason

Allt sem er ofboðslega harðbannað og
hættulegt,
heiftarlega voðalegt og ægilega skelfilegt.
Allt sem er gjörsamlega agalega hræðilegt
er undirstöðukryddið í tilveruna.

Velkomin á hrekkavöku
vampírur hér, skrímsli þar.
Ófreskur og leðurlökur
og uppvakningar.

Grikk eða gott?

Gættu þín nú, bú hú hú

Grikk eða gott? Grikk eða gott?

Allt sem er sykrað og sætt fer í pokann
minn.
Súkkulaði, brjóstsykri og gúmmí skal
mokað inn.
Það má nú aðeins leyfa sér en bara í þetta
eina sinn
og sturta prinsippum oní klósettið.

Velkomin á hrekkjavöku
varúlfar hér, trúðar þar.
Draugarher í hvítum lökum
og hrekkjalómar.

Grikk eða gott?

Gættu þín nú, bú hú hú

Grikk eða gott? Grikk eða gott?

Flugdrekinn

Lag og ljóð: Herdís Egilsdóttir

Uppi' í loftinu líta má hér
eitt listaverk skorið í gler,
það er dreki með dansandi glansandi stél,
sem dillar og bylgjast svo vel.
Þú ert velkominn vinur hér inn,
þú veist hér staðurinn þinn,
∴ þá ljósgjafans dýrð gegnum litina fer
er söngur í sálu mér. ∴